

Fundargerð

Stjórnar foreldrafélags Grunnskólans á Seltjarnarnesi, sem fram fór fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 17 í Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins: Svana M. Davíðsdóttir formaður, Sonja Bergmann, Guðrún Karlsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Davíð Scheving og Helga Sverrisdóttir.

Fjarverandi: Hervör Pálsdóttir, , Katrín Magnúsdóttir, Gardar Gíslason.

Fundarstjóri: Svana M. Davíðsdóttir

Fundarritari: Ólafía Harðardóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

- Var ekki send út fyrir fundinn og því á eftir að samþykkja fundargerð síðasta fundar

2. Erindi sem hafa borist foreldrafélaginu

- Posar í Valhúsaskóla
 - Erindi foreldra verður svarað. Fyrirkomulagi verður ekki breytt skv. fyrirspurn til skólans. Foreldrafélagið telur ekki ástæðu til að beita sér frekar í málinu.
- Sundkennsla
 - Foreldrafélagið sendi fyrirspurn til skólastjóra vegna sundkennslu. Upp hefur komið að foreldrar hafa kvartað við foreldrafélagið vegna þess að börn eru ósýnd eftir marga mánaða sundkennslu.
 - Skólastjórnendur hafa svarað fyrirspurn. Mikil veikindi hafa verið hjá sundkennara sem hafa mest bitnað á 2. bekk og verið er að kanna hvort hægt sé að bæta þeim það upp.
 - Foreldrafélagið mun senda frekari fyrirspurn á skólastjórnendur vegna sundkennslu.

3. Bréf vegna Skólaskjól/Frístundar

- Farið var yfir svarbréf frá bæjarstjóra við bréfi foreldrafélagsins.
- Næsta skref er bíða eftir kynningu Capacent á þeirri vinnu sem er í gangi vegna m.a. Skólaskjól/Frístundar og þá verður málið rætt aftur. Kynning er áætluð á vormánuðum.

4. Aðalfundur í maí

- Dagsetning
 - 11. maí kl. 17.30, Helga Sverrisdóttir verður fundarstjóri. Ritari auglýsir fundinn.
 - Foreldrum á elsta stigi leikskólans verður boðið á fundinn.
- Lagabreytingar
 - Farið var yfir þær lagabreytingar sem foreldrafélagið leggur til að gera á næsta aðalfundi.

5. Fimmti fundur með starfshóp um jákvæð samskipti í apríl

- Páll Ólafsson mun halda utan um fund með vinnuhópi. Páll stýrir umræðum. Verður tekið saman, niðurstöður kynntar og unnið með þær í kjölfarið.
- Hópurinn verður samsettur á eftirfarandi hátt: 20 foreldrar, 20 börn, 5 hópar, hópstjóri á hverju borði (unglingaráð).

6. Vorhátíð

- Ólafía og Guðrún kynna hugmyndir á næsta fundi.

7. Byrjendalæsisráð

- Davíð skoðar málið og fer yfir á næsta fundi.

8. Sjálfsmatsskýrsla

- Verður rætt á næsta fundi.

9. Innheimta árgjalds

- Góð innheimta á árgjöldum.

10. Fundur um áfengis- og vímuvarnir

- a. Hefur ekki verið haldinn fundur nýlega

11. Skólanefndarfundur

- a. Verður rætt á næsta fundi. Garðar fer yfir.

12. Skólaráðsfundur

- a. Síðasti fundur var í mars. Þarf að fylgja því eftir.

13. Önnur mál

- a. Næsti fundur verður 2. Maí.
- b. Bókin um vináttuna. Foreldrafélagið mun kanna áhuga hjá skólanum um að vinna með bókina og senda inn erindi í skólanefnd um styrk til að kaupa bókina fyrir einn árgang.
- c. Hervör óskar eftir að fara úr stjórn vegna anna og það er samþykkt.